

Skýrsla stjórnar: 26.5.2016

Flutt á aðalfundi Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala í Hafnarfjarðarkirkju kl. 17.00

Steinn Guðnadóttir heiti ég og er formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala, ég er íþróttakennari og fyrrum bæjarfulltrúi. Það var fyrir um tveimur árum nánar tiltekið 13. mars 2014 að ég skrifa blaðagrein í Fjarðarpóstinn og hvet lesendur til að hafa samband til að stofna hollvinafélag St. Jósefsspítala formlega. Þeir sem höfðu samband funduðu í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og mynduðu undirbúningshóp að stofnun Hollvinasamtakanna. Við vorum þrjú tilnefnd í þennan undirbúningshóp. Ég, Stefánía Ámundadóttir læknafræðingur og dr. Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur á vísindadeild LSH. Á stofnfundinum þann 14.5.2014 á sama stað og við erum í dag vorum við síðan fimm kosin í stjórn Hollvinafélags St. Jósefsspítala, við þrjú sem stóðum að undirbúningi stofnfundar ásamt Árna Sverrissyni fyrrum framkvæmdastjóra St. Jósefsspítala og Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttur sjúkraliða og umhverfis og byggingarverkfræðingi með sérsvið í sjúkrahússkipulagi. Þá voru fimm kosin í varastjórn þau sem voru kosin eru: Lýður Árnason læknir, Ólafur Bjarnason læknir, dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir Næringarfræðingur, Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, og Bjarni Snæbjörnsson arkitekt. Vil ég þakka þeim öllum fyrir þátttöku þeirra í stjórn Hollvinafélags St. Jósefsspítala.

Á stofnfundinum talaði Jóhannes Bjarnason formaður hollvinafélags sjúkrahúss Akureyrar, sem gaf okkur innsýn í starfsemi hollvinafélags og hversu mikið slíkt félag getur áorkað, en hollvinafélagið sem hann veitir formennsku hefur veitt sjúkrahúsinu á Akureyri ómetanlegan stuðning eins og safnað fé í lækningatæki og sjúkrarúm og verið starfsmönnum stuðningur. Í dag eru skráðir Hollvinir St. Jósefsspítala á annað hundrað manns.

Fyrsta verk stjórnar var að standa fyrir fundi þann 22 maí með oddvitum þeirra flokka sem voru í framboði til sveitarstjórnarkosninga vorið 2014. Á þann fund mættu um hundrað manns.

Aðalhvatamaður skrifa um St. Jósefsspítala og til varnar sjúkrahúsinu var Árni Gunnlaugsson fyrrum bæjarfulltrúi sem las upp í lok þessa fundar ályktun sem samþykkt var samhljóða. Ég vil biðja fundargesti að rísa úr sætum og heiðra þannig minningu hans, en Árni lést 10 ágúst á síðasta ári.

Eftir kosningar kom fram í Fjarðarpóstinum 19.6.2014 samstarfssáttmáli meirihluta núvarandi bæjarstjórnar. Þar kemur m.a. fram að umhverfisvitund, mannréttindi, lýðræði og lýðheilsa verði í forgrunni í allri stefnumótun á kjörtímabilinu. Mótuð verði heildstæð heilsustefna bæjarins. Það sem sérstaklega verði unnið að á kjörtímabilinu og fyrstu verkefni verði að leita leiða til að hefja starfsemi aftur í St. Jósefsspítala í samstarfi við hagsmunaaðila. Þannig að stjórn Hollvinasamtakanna var bjartsýn og vonaðist til þess að unnið yrði með Hollvinasamtökunum um að koma aftur á starfsemi í sjúkrahúsinu.

Stjórnin var boðuð á fund meirihluta bæjarstjórnar þann 18.9.2014 og síðan ekki söguna meir. Hollvinasamtök St. Jósefsspítala hafa samt fundað þar að auki þrisvar sinnum með fulltrúum meirihluta bæjarstjórnar ásamt bæjarstjóra þar sem stjórn Hollvinasamtakanna hafa óskað eftir fundunum.

Nú síðast þann 6.10. 2015 Þar sem stjórn Hollvina St. Jósefsspítala lagði fram þrjú erindi.

Niðurstöðu Minjastofnunar Íslands um verndargildi bygginga St. Jósefsspítala. Jafnframt voru lögð fram tvö erindi, annað þar sem stjórnin óskaði eftir því að bærinn kannaði hvort það hefði varðað við lög að St. Jósefsspítala var lokað og síðan var óskað eftir því að fulltrúar í stjórn

Hollvinasamtakanna yrðu með í undirbúningshóp sem bæjarstjórn ætlaði að stofna til að finna sjúkrahúsinu verkefni. Afgreiðsla bæjarstjórnar þann 14.10.2015 var eftirfarandi:

Bæjarráð samþykkir að kalla eftir því að ríkið taki ábyrgð á framtíð bygginga St. Jósefsspítala og skipuð verði forvalsnefnd með fulltrúum beggja aðila sem fái það verkefni að finna fasteignumum nýtt og viðeigandi hlutverk í þágu nærsamfélagsins í Hafnarfirði. Í vinnu sinni skuli nefndin horfa til alls skipulagssvæðisins sem tilheyrir spítalanum og byggingum hans í samráði við hagsmunaaðila. Fyrsta verkefni nefndarinnar verði að undirbúa og hrinda í framkvæmd forvalskerli

þar sem áhugasömum aðilum skal gefið tækifæri til að leggja fram hugmyndir sínar að framtíðarnýtingu fasteignanna. Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda ráðuneytinu erindi þessa efnis og vinna að framgangi málsins en tekur ekki afstöðu til þeirra krafna sem fram koma í erindi Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala.

Þarna kemur fram að bæjarstjórn vill að ríkið taki ábyrgð á byggingunum og gefi áhugasömum aðilum tækifæri á að leggja fram hugmyndir sínar. Við höfum alla vega ekki fengið erindi þess eðlis að leggja fram okkar hugmyndir, þannig að ekki virðumst við vera einn hópur af þessum svokölluðu áhugasömu aðilum, né vitum hverjir það eru. Hafnfirðingar sem eru 15% eigendur að sjúkrahúsinu og eru líka hluti af 85% eigandanum sem er ríkið, allir íbúar þessa lands, hafa ekki verið spurðir. Þeir sýndu það aftur á móti með undirskriftum árið 2009 þegar 70% kosningabærra Hafnfirðinga skrifaði undir að þeir vildu ekki breyta starfsemi St. Jósefsspítala þegar þáverandi ráðherra ætlaði að breyta starfseminni. Slík afgerandi undirskriftarsöfnun er næg sönnun þess hvað Hafnfirðingar telja að byggingar og starfsemi St. Jósefsspítala nýtist íbúum þessa bæjar best.

Það skal tekið fram að okkur hefur alltaf verið vel tekið þegar við höfum óskað eftir fundi, og ítrekun okkar á því að fá að vera með í því að ákveða hvaða starfsemi fer í sjúkrahúsið hefur ekki verið formlega svarað ennþá, þannig að við vonum að bæjarstjórn bregðist jákvætt við okkar óskum, Hafnfirðingum til góða. Eftir þessa bókun bæjarstjórnar hefur komið fram í blaðgreinum að Hafnarfjarðarbær er að reyna að fá húsnæðið til sín. Fulltrúar bæjarstjórnar sem koma fram hér á eftir útskýra væntanlega þá stöðu sem nú er. Vil ég þakka þeim sem báðar eru í Hollvinasamtökum St. Jósefsspítala að koma til þessa fundar og kynna sýn bæjarstjórnar.

Stjórn Hollvina St. Jósefsspítala, hefur fundað reglulega og verið í tölvupóstasamskiptum sín á milli. Stjórnin sendi öllum hollvinafélögum og nýjum sveitarstjórnarmeirihlutum haustið 2014 hvatningabréf um að standa vörð um sína sjúkrahússtofnun, þar sem virðist að allar heilbrigðisstofnanir landsbyggðarinnar hafi verið strikaðar út af fjárlögum. Þar kemur fram að samstaða Hollvinasamtaka og sveitarstjórna skiptir máli.

Þá skrifaði stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala bréf / áskorun til allra þingmanna um að kynna sér málið um það leyti sem tilboð voru opnuð í sjúkrahúsið. Í bréfinu er farið yfir starfsemi sjúkrahússins og lengingu biðlista eftir að sjúkrahúsinu var lokað. Þörf á rýmum á lyflækningadeild og tilvitnun í skýrslu landlæknis hvað það varðaði og töldum við að væntanlega yrði það ódýrasti kosturinn til að koma á móts við þessa miklu þörf að opna sjúkrahúsið aftur. Jafnframt kom fram eftirfarandi: *Hollvinasamtökin samþykktu á fundi í haust uppástungu forráðamanna Hafnarfjarðarbæjar um sölu á spítalanum með kvöðum um heilbrigðisþjónustu. Við það var ekki staðið. Einu kváðirnar sem settar voru í auglýsingu við sölufarlið eru hinsvegar svohljóðandi: “að við mat á tilboðunum er heimilt að horfa til þess hvort starfsemi í húsinu til framtíðar tengist heilbrigðisþjónustu”.*

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala óska því eftir stuðningi þínum við að taka málið upp á Alþingi og við heilbrigðisráðherra og velferðarnefnd Alþingis í þá veru að tryggja að áfram verði heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala. Að mati samtakanna yrði það óbætanlegt og óafturkræft tjón ef húsið yrði selt og notað til einhvers annars. , þá var bréfið jafnframt sent á umboðsmann alþingis, velferðarráðuneyti, landlæknisembættið, bæjarstjórn og bæjarstjóra og fjölmiðla. Tekið skal fram að aðeins einn þingmaður svaraði þessu skriflega erindi.

Stjórnin stóð fyrir því að skrifa Minjastofnun Íslands og fá upplýsingar um varðveislugildi sjúkrahúsbygginganna, og kom það stjórnarmönnum verulega á óvart að það sé ekki almenn verklagsregla ríkisins ef þeir bjóða út byggingar til sölu sem að öllum líkindum hafa varðveislugildi, að það sé ekki sjálfkrafa að Minjastofnun sé látin skoða slíkar byggingar. Það var ekki gert fyrir útboð sjúkrahússins, heldur átti að selja hæstbjóðenda sjúkrahúsið. Ekki fóru t.d. bæjaryfirvöld heldur fram á að kanna varðveislugildi bygginganna, en geta má þess að í kapellunni voru steindir gluggar með ártalinu þegar sjúkrahúsið tók til starfa árið 1926. En með bréfi stjórnar

Hollvina St. Jósefsspítala og stuðningi bæjarstjóra komust fulltrúar Minjastofnunar til að skoða byggingarnar og niðurstaða þeirra er að allar byggingarnar hafa varðveislugildi, bæði St. Jósefsspítali og Kató byggingin.

Stjórn hollvinasamtakanna skoðaði sjúkrahúsbyggingarnar áður en tilboðsfrestur rann út, fulltrúi fasteigna ríkisins sýndi okkur húsnaðið. Tveir fulltrúar stjórnar sem höfðu verið starfandi á St. Jósefsspítala skoðuðu byggingarnar. Í ljós kom að þeirra mati að ekki þurfi að kosta miklu til að hefja aftur starfsemi í sjúkrahúsinu.

Bæjarstjóri gaf okkur upplýsingar um að fulltrúar frá Grænlandi höfðu haft samband og haft áhuga á að nýta sjúkrahúsið fyrir sjúklinga frá Grænlandi. Stjórn Hollvina St. Jósefsspítala hafði samband við viðkomandi aðila í Grænlandi sem lýsti yfir áhuga á samstarfi, ef til þess kæmi að sjúkrahúsið tæki aftur til starfa. Sambærilegur áhugi hefur komið fram af hálfu Þjóðverja, helstu sérfræðinga Þýskalands í krabbameinslækningum. Stjórn Hollvina St. Jósefsspítala hafa ætíð óskað eftir samstarfi við Hafnarfjarðarbæ um að koma aftur á sjúkrahússtarfsemi í St. Jósefsspítala. Geta má þess að ferðamenn sem sækja sér þjónustu í heilsutengdri ferðaþjónustu skilja eftir sig um 600 þús krónur á meðan hinn almenni ferðamaður skilur eftir sig um 300 þúsund þ.e. Helmingi meiri gjaldeyri en almennur ferðamaður.

Stjórn Hollvina St. Jósefsspítala hafa haldið á lofti þörfinni á legurýmum og að fyrrverandi ráðherra hafi lofað bæjarfulltrúum að lyflækningadeildin hafi átt að starfa áfram en það loforð verið svikið. Þá hafa Hollvinasamtökin bent á aukna biðlista í aðgerðir eins og þær sem gerðar voru á St..

Jósefsspítala og LSH engan veginn getað annað þeirri þörf.

Meltingarfæradeildin sem var á landsvísu og jafnvel víðar var eyðilögð, en ég get sett sjálfa mig sem dæmi. Ég var kölluð inn á sjúkrahúsið þar sem ég á að vera í áhættuhóp, þar sem faðir minn lést úr ristilkrabbameini, allt var í lagi og ég yrði kölluð inn aftur eftir sjö ár, það hefur náttúrulega ekki átt sér stað þar sem þessi forvörn var hreinlega eyðilögð, deild sem var best búin á landinu með tækjakaupum uppá um 20 milljónir sem líknarfélög í Hafnarfirði höfðu gefið til St. Jósefsspítala. Í dag er verið að tala um að við verðum að fara að byrja á forvörnum. Hvernig geta forsvarsmenn heilbrigðismála eyðilagð svona frábæra starfsemi. Er þeim mönnum treystandi sem taka slíkar ákvarðanir í heilbrigðismálum þjóðarinnar.

Stjórn Hollvina St. Jósefsspítala er búin að sækja um kennitölu fyrir félagið og fékk hana afhenta í lok febrúar á þessu ári. Rétt áður en stjórn Hollvina St. Jósefsspítala lagði inn til umboðsmanns alþingis öll skjöl sem stjórnin hefur komist yfir varðandi lokun sjúkrahússins.

Stjórnarmenn lögðu mikla vinnu í að safna og vinna úr skjölum um lokun sjúkrahússins 2011 og afleiðingum þessarar ákvörðunar. Gögnin fylltu stóra A-4möppu og hvet ég alla til þess að kynna sér gögnin þegar þau verða birt. Fyrir okkur er stjórnsýslan sem viðhöfð var við lokun elsta starfandi sjúkrahúss landsins með ólíkindum, og að okkar mati brot á lögum. Stjórnin er að vinna að því að gera öll gögn sem tengjast St. Jósefsspítala aðgengileg á face-book síðu Hollvina félagsins st.josefsspitali@gmail.com. Þá vil ég sérstaklega þakka Stefaníu Ámundadóttur og Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttur fyrir þeirra vinnu hvað þetta varðar og Ámunda Ólafssyni fyrir yfirllestur gagna. Við þrjár funduðum fyrst með starfsmönnum umboðsmanns og fengum upplýsingar um hvernig þarf að leggja málið fram o.s.frv. Þar sem við erum ekki löglærðar. Þá var stjórn Hollvinasamtakanna búin að eiga fund með bæjaryfirvöldum þar sem við óskuðum eftir að þau könnuðu lögmati lokunar sjúkrahússins, sem bæjarstjórn tók ekki afstöðu til eins og áður hefur komið fram. Við ætluðum að eiga fund með landlækni og upplýsa hann um þessi gögn, en hann svaraði okkur neitandi. Umboðsmaður svaraði okkur á þann veg að hann hefði heimild samkvæmt 5.gr.laga nr. 85/1997 til að taka starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar að eigin frumkvæði. Svar hans var eftirfarandi: “að svo stöddu mun ég ekki fjalla um erindið á grundvelli 5.gr.laga nr. 85/1997. Að auki fæ ég ekki betur séð en að þær ákvarðanir og athafnir stjórnvalda sem þér kvartið yfir falli utan þess ársfrests sem mælt er fyrir um í 2.mgr.6.gr.laga nr.85/1997”. Í framhaldi af þessu svari umboðsmanns hef ég óskað eftir fundi fyrir hönd stjórnar

Hollvínafélags St. Jósefsspítala til að fá nánari upplýsingar um þetta svar. Þeirri ósk hefur ekki verið svarað ennþá.

St. Jósefsspítali var nauðsynlegur fyrir nærsamfélagið Hafnarfjörð og heilbrigðisumdæmið sem sjúkrahúsið þjónaði sem er með yfir 200.000 þús íbúa.

St. Jósefsspítali og sú þjónustustarfsemi sem sjúkrahúsið gæti sinnt er enn nauðsynlegri í dag en árið 2011, LSH sinnir engan veginn þeirri þjónustu sem St. Jósefsspítali sinnti áður, eins og biðlistar og þjónustuleysi LSH hefur sýnt fram á með endalausum blaðagreinum um það efni. Það vantar starfsemi sjúkrahússins, og því má sjúkrahúsbyggingin sem var byggð sem slík alls ekki fara undir aðra starfsemi en heilbrigðisstarfsemi.

Hver og einn verður að bregðast við núna til að sjúkir Hafnfirðingar og aðrir fái þjónustu við hæfi. Við getum það Hafnfirðingar ef við stöndum saman. Stjórn Hollvínafélags St. Jósefsspítla skorar á bæjarstjórn og aðra ráðamenn að standa með Hollvínasamtökunum að endurreisn heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala. Takk fyrir